



Reykjavík, 27. febrúar 2024

MSS24020165

TILLAGA - Drög

Tillaga mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs um að auka stuðning til Bjarkahlíðar

Lagt er til að beina því til borgarráðs að auka fjárhagslegan stuðning til starfsemi Bjarkahlíðar.

Greinargerð:

Starfsemi og þjónusta Bjarkarhlíðar er gríðarlega mikilvæg fyrir þolendur ofbeldis og hefur fyrir löngu sannað gildi sitt. Reykjavíkurborg hefur frá stofnun Bjarkarhlíðar stutt við reksturinn og er mikilvægt að svo verði áfram. Vegna hækkaðs rekstarkostnaðar s.s. vegna launahækkana og hækkana á alls konar rekstrargjöldum hefur fjárhagsstaða Bjarkarhlíðar þróast með þeim hætti að tekjur, sem eru að stærstum hluta styrkur fá ríkissjóði, duga ekki til ef starfsemin á að halda áfram í núverandi mynd.

Eins og fram kemur í samþykktri fjárhagsáætlun Bjarkarhlíðar fyrir árið 2024, sjá fylgiskjal, eru tekjur kr. 48.137.498 en gjöld kr. 67.052.498, Rekstarhalli er því kr. 18.915.000. Eftir að fjárhagsáætlun Bjarkarhlíðar var samþykkt hafa bæst við styrkir að fjárhæð 5.550.000 þar af er 5 millj. kr. styrkur frá velferðarráði Reykjavíkurborgar sem samþykktur var á fundi ráðsins 7. febrúar 2024, fyrirsjáanlegur rekstrarhalli er því kr. 13.365.000.

Samanlagðir styrkir borgarinnar til Bjarkarhlíðar eru fyrir árið 2024 kr. 10.927.498.

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Í boði er samhæfð þjónusta á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörsluferfinu og kemur málum í farveg ef þess er óskað. Eftirspurn eftir þjónustu Bjarkarhlíðar hefur aukist og eins og staðan er núna þá hefur bið eftir þjónustu lengst verulega sem er slæmt fyrir brotþola ofbeldis.

Frá upphafi hafa viðtökur við þjónustu Bjarkarhlíðar farið langt fram úr væntingum samstarfsaðila. Samkvæmt síðustu ársskýrslu Bjarkarhlíðar leituðu tæplega 1000 einstaklingar þangað í fyrsta viðtal. Langflestir þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu eða um 80%, en 55% þeirra voru frá Reykjavík, sjá nánar [ársskýrslu Bjarkarhlíðar 2022](#).

Eins og staðan er telur Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð einsýnt að Reykjavíkurborg þurfi að leggja meira af mörkum til Bjarkarhlíðar til þess að tryggja áframhaldandi kröftugan rekstur starfseminnar.

Fylgiskjöl:

Samþykkt fjárhagsáætlun Bjarkarhlíðar 2024

Kostnaðarútreikningur niður á sveitarfélög miðað við búsetusveitarfélag þjónustupega, hlutfall.



Reykjavík